

Reykjavík, 23. mars 2000

Fjárhags- og viðskiptanefnd,
hr. formaður Vilhjálmur Egilsson,
Alþingi,
Reykjavík.

Efni: Umsögn stjórnar Sameinaða lífeyrissjóðsins við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins hefur fjallað um framangreint frumvarp. Í ljósi þess að hér er ekki um heildarendurskoðun laganna að ræða heldur einungis breytingar, sem taldar eru nauðsynlegar í ljósi fenginnar reynslu. Stjórnin gerir því afmarkaðar athugasemdir við frumvarpið, en setur auk þess fram ábendingu um nauðsynlega viðbótarbreytingu á lögum í því skyni að jafna stöðu lífeyrissjóða annars vegar og annarra fjármálastofnana hins vegar til þess að ávaxta viðbótarlífeyrissparnað fyrir viðskiptamenn sína.

I. Um 36. gr. laganna.

Almennt telur stjórnin að þær "girðingar", sem settar eru í greininni séu of margar og flóknar. Erfitt er að sjá tilganginn með sumum þeirra og aðrar eru sjóðfélögum andstæðar að því leyti að þær draga úr möguleikum til þess að ná sem bestri ávöxtun og þar með möguleikum til þess að greiða betri lífeyri. Í ljósi þess að hér er verið að taka á afmörkuðum þáttum viljum við hins vegar benda á eftirtalið:

5. gr. frumvarpsins.

d. 4. mgr. Samkvæmt gildandi lögum má hlutfjareign samtals vera 35% af heildareign, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir rýmkuð í 50%. Þótt hér sé vissulega stigið skref í rétta átt þá teljum við rétt að miða við 60%. Til langs tíma litið eru hlutabréf góður fjárfestingarkostur fyrir lífeyrissjóði. Má í því sambandi nefna að í þeim löndum þar sem ávöxtun lífeyrissjóða hefur verið einna best þ.e.a.s. hjá bandarískum og breskum lífeyrissjóðum er hlutabréfaeign almennt 65%-75% af heildareignum þeirra.

f. Það er vissulega spor í rétta átt að hækka takmörk áhættu í erlendum gjaldmiðlum í 50% í stað 40%. Hins vegar orkar tvímælis að setja slík skilyrði gagnvart lífeyrissjóðunum. Sé það hins vegar gert er það mat stjórnarinnar að mörkin eigi ekki að vera lægri en 60%.

6. og 8. gr. frumvarpsins.

Talað er um sundurliðun eftir gjaldmiðlaáhættu. Við fjárfestingar lífeyrissjóða er í síauknum mæli hætt að miða fjárfestingar við einstök lönd og þar með gjaldmiðla. Þess í stað er miðað við atvinnugreinar. Þótt margir lífeyrissjóðir séu með erlend verðbréfasöfn sín skráð í USD þá þýðir það ekki að raunverulegt verðmæti hlutabréfanna ráðist af stöðu USD á móti öðrum myntum. Undirliggjandi fyrirtæki eru skrásett í ýmsum löndum og mörg þeirra hafa einungis hluta tekna sinna í heimalandinu. Má þar nefna sem dæmi ýmis "alþjóðleg bandarísk" fyrirtæki sem hafa einungis um 25% af tekjum sínum í dollurum.

Það er mjög vafasamt að flóknar reglur um fjárfestingarstefnu nái því markmiði að auka öryggi sjóðfélaganna, sem þó er tilgangurinn með reglunum. Gæta ber höfs í því að leggja á sjóðina kröfur um skýrslugjöf til eftirlitsaðila og þess ber sérstaklega að gæta að skýrslugjöfin sé í öllum tilvikum til þess fallin að stuðla að heilbrigðari rekstri sjóðanna. Hafa ber í huga að allir lífeyrissjóðir gera upp og birta upplýsingar um ávöxtun a.m.k. einu sinni á ári og sumir mánaðarlega. Staða sjóðanna á hverjum tíma er því kunn.

II. Frjáls lífeyrissparnaður skv. II. kafla laganna.

Skv. 10. gr. laganna er viðskiptabönkum, sparisjóðum, líftryggingafélögum, verðbréfafyrirtækjum og lífeyrissjóðum heimilt að taka við séreignarlífeyrissparnaði. Í framkvæmdinni hefur Fjármálaeftirlitið túlkað löginn þannig að mismunandi reglur gildi um heimildir þessara aðila til þess að ávaxta séreignarsparnaðinn fyrir viðskiptamenn sína. Mismunurinn felst í því að eftirlitið telur að lífeyrissjóðirnir séu bundnir af takmörkunareglunum í 36. gr. laganna þegar kemur að ávöxtun séreignarsparnaðarins, en engar samsvarandi takmarkanir eru hjá bönkum, sparisjóðum, líftryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum. Af þessu hefur orðin alvarleg röskun á samkeppnisstöðu lífeyrissjóðunum í óhag.

Þótt lagatúlkun Fjármálaeftirlitsins kunnir að standast, þá eru engin gild rök fyrir því að mismuna aðilum með þessum hætti. Rök kunna að standa til þess að gera lífeyrissjóðunum að fylgja tilteknum varúðarreglum við meðferð skyldusparnaðar sem sjóðfélagar inna af hendi til sjóðanna á grundvelli lagaskyldu. Þau rök eiga ekki við um séreignarsparnaðinn. Engum er skylt að standa í séreignarsparnaði og sparendum er heimilt að velja sér hvern þann aðila, sem uppfyllir skilyrðin í 10. gr. til viðtöku, sparnaðinum. Það er því bæði ósanngjarnt og órökrétt að leggja kvaðir á lífeyrissjóðina um meðferð þess fjár sem viðskiptamenn þeirra velja sjálfir að fela þeim að ávaxta þegar sömu kvaðir eru ekki á öðrum aðilum sem mega veita sparnaðinum viðtöku skv. 10. greininni.

Stjórn sjóðsins bendir á að reynslan sýni að langflestir sem til sjóðsins hafa leitað með séreignarsparnað hafa viljað ávaxta sparnaðinn í erlendum hlutabréfum. Þann kost getur lífeyrissjóðurinn ekki boðið. Af þeim sökum hefur sjóðurinn orðið að leita til löggilts verðbréfafyrirtækis um samvinnu þannig að verðbréfafyrirtækið tekur að sér ávöxtun fjárens fyrir milligöngu lífeyrissjóðsins. Þetta fyrirkomulag er í senn óþarflega flókið og kostnaðarsamt.

Ákvæði sem takmarka fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða eru sett út frá sjónarmiðum um neytendavernd. Ekki verður séð að ástæða sé til þess að setja strangari reglur um neytendavernd einstaklinga, sem ákveða að setja lífeyrissparnað sinn til vörslu hjá lífeyrissjóði heldur en hjá öðrum þeim aðilum, sem rétt hafa til þess að taka á móti slíkum sparnaði. Til fróðleiks má geta þess að flestar kannanir sýna að meiri hluti þeirra, sem hafa sparað með þessum hætti hafa valið sinn lífeyrissjóð til þess að varðveita sparnaðinn og 50% þeirra sem hafa falið Sameinaða lífeyrissjóðnum að varðveita hann hafa valið 100% hlutabréfaeið.

Í ljósi þessa leggjum við til að 5. gr. frumvarpsins, sem fjallar um breytingar á 36. gr. laganna verði breytt þannig að takmörkunin á heimild lífeyrissjóða til ávöxtunar fjár, gildi ekki um séreignarlífeyrissparnaðinn, skv. II. kafla laganna. Þessa breytingu má t.d. gera þannig að c. liður 5. gr. frumvarpsins breytist þannig:

10. töluliður 1. mgr. orðast svo:

"Takmarkanirnar í 1.-9. tölulið eiga ekki við um séreignarlífeyrissparnað skv. II. kafla laganna."


Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir m.a. "Það aukna svigrúm sem felst í framangreindum breytingum gefur lífeyrissjóðum aukið frelsi til að móta mismunandi fjárfestingarstefnu með hliðsjón af ólíkum hagsmunum einstakra hópa sjóðfélaga. Þannig gefst þeim nú frekari möguleikar á að bjóða mismunandi fjárfestingarstefnu með tilliti til aldurs og tekna sjóðfélaga. Með því opnast rýmri möguleikar fyrir lífeyrissjóði til að gefa yngri sjóðfélögum og þeim sem þegar hafa tryggt sér öruggan lífeyri kost á því að ávaxta stærri hluta lífeyrissparnaðar í

hlutabréfum og/eða erlendum gjaldmiðlum þar sem hagsmunir þeirra eru ekki eins háðir tímabundnum sveiflum á fjármagnsmörkuðum og annarra hópa sjóðfélaga."

Framangreindar athugasemdir styðja þá afstöðu sem stjórnin hefur sett fram að sömu reglur eigi að gilda um heimildir til ráðstöfunar lífeyrissparnaðar hver sem viðtakandinn er.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar Sameinaða lífeyrissjóðsins,


Jóhannes Siggeirsson